



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

Ársskýrsla Fræðslusjóðs 2016

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Stjórn Fræðslusjóðs	5
Fundir	5
Samstarf	5
Starfsemin	6
Úthlutanir	6
Skilmálar	7
Samskipti við fræðsluaðila	7
Notkun fjármagns á árinu	7
Upplýsingar um árangur starfsins hjá fræðsluaðilum	11
Vottaðar námsleiðir	11
Náms- og starfsráðgjöf	17
Raunfærnimat	23
Nýsköpunar og þróunarverkefni í framhaldsfræðslu	29

Inngangur

Fræðslusljóður tók til starfa í árslok 2010 á grundvelli laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 sem samþykkt voru 31. mars og tóku gildi 1. október sama ár. Í árslok 2011 var samþykkt reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011. Á undanförunum árum hefur verið unnið að innleiðingu laga og reglugerðar í starfsemi Fræðslusljóðs.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) annast umsýslu Fræðslusljóðs samkvæmt þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið sem gildir frá 2016 til 2021.

Stjórn Fræðslusljóðs

Stjórn Fræðslusljóðs fyrir tímabilið 20. nóvember 2014 til 19. nóvember 2018 var skipuð í lok árs 2014. Eftirtaldir eru í stjórn: Guðrún Ragnarsdóttir, formaður skipuð án tilnefningar, Fjóla Jónsdóttir og Halldór Grönvold tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands, Garðar Hilmarsson tilnefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Ársæll Guðmundsson tilnefndur af Félagi íslenskra framhaldsskóla, Jón Fannar Kolbeinson tilnefndur af velferðarráðuneyti, Sólveig B. Gunnarsdóttir tilnefnd sameiginlega af fjármálaráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Guðrún Eyjólfsdóttir og Kristín Þóra Harðardóttir tilnefndar af Samtökum atvinnulífsins.

Varamenn eru: Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, varaformaður, skipuð án tilnefningar og situr fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Ólafía Rafnsdóttir og Hilmar Harðarson tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands, Birna Ólafsdóttir tilnefnd af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Guðbjörg Aðalbergsdóttir tilnefnd af Félagi íslenskra framhaldsskóla, Björg Baldursdóttir tilnefnd af velferðarráðuneyti, Guðmundur H. Guðmundsson tilnefndur sameiginlega af fjármálaráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Guðni Gunnarsson og Katrín Dóra Þorsteinsdóttir tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins.

Fundir

Haldnir voru 13 fundir stjórnar Fræðslusljóðs á árinu. Fundir eru undirbúnir af framkvæmdastjóra og fjármálastjóra FA í samráði við formann sjóðsstjórnar. Fundir fara fram í húsakynnum FA. Starfsmenn FA skrifa fundargerðir. Fundargerðir eru settar á vef FA þegar þær hafa verið samþykktar af stjórn sjóðsins. Sjá: <http://frae.is/um-fa/fraedslusjodur/fundargerdir/>.

Samstarf

Samstarfsaðilar Fræðslusljóðs á árinu 2016 voru: Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, SÍMEY, Þekkingarnet Þingeyinga, Austurbrú, Fræðslunet Suðurlands, Viska í Vestmannaeyjum, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Mímir-símenntun og Framvegis ehf. miðstöð símenntunar í Reykjavík, Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins, Fræðslusetrið Starfsmennt og IDAN fræðslusetur. Eftir að úthlutun framlaga úr Fræðslusljóði liggur fyrir eru gerðir samningar við hvern fræðsluaðila um fjármagn til vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats eins og úthlutun kveður á um. Einnig eru gerðir samningar um skil á fjármunum og endurúthlutanir. Gerðir eru samningar við alla þá sem hljóta styrki til nýsköpunar- og þróunarverkefna úr Fræðslusljóði.

Starfsemin

Úthlutanir

Fjárhagsáætlun byggir á fjárlagalið 02-451 lið 1.12. í fjárlögum 2016. Áætlun um úthlutanir ársins 2016 var samþykkt í árslok 2015 og endanlega staðfest á fyrsta fundi stjórnar Fræðslusjóðs í byrjun janúar 2016 og hefur verið unnið á grundvelli hennar á árinu.

Úthlutun til Fræðslusjóðs 2016 var 786,4 millj. samkvæmt fjárlögum. Auk þess samþykkti stjórn Fræðslusjóðs að taka tæpar 54 millj. úr verkefnasjóði.¹ Til úthlutunar í upphafi árs voru því tæplega 840,4 millj. sem skiptust þannig:

Vottaðar námsleiðir	495.848.000
Náms- og starfsráðgjöf	131.000.000
Raunfærnimat	178.536.900
Nýsköpunar- og þróunarverkefni	35.000.000
Samtals	840.384.900

Auglýst var eftir umsóknum um framlög vegna vottaðra námsleiða, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar á vefnum frae.is og með tölvupósti til viðurkenndra fræðsluaðila þann 7. október 2015 og skyldi umsóknum skilað eigi síðar en 12. nóvember. Alls bárust umsóknir um 1.020.624.964 millj., þar af voru rúmlega 626 millj. til vottaðra námsleiða, rúmlega 200,5 millj. til náms- og starfsráðgjafar og tæpar 194 millj. til raunfærnimats. Úthlutun vegna ársins 2016 var tilkynnt í 18. desember 2015 með fyrirvara um samþykki fjárlaga. Úthlutað var rúmlega 494,1 millj. til vottaðra námsleiða, 131 millj. til náms- og starfsráðgjafar og rúmlega 178,5 millj. til raunfærnimats. Alls var úthlutað í byrjun árs tæplega 803,7 millj. Auglýst var eftir umsóknum um nýsköpunar- og þróunarstyrki í mars. Alls bárust 29 umsóknir að upphæð rúmlega 68,8 millj. Alls var úthlutað til 14 verkefna samtals tæplega 33,8 millj.

Eins og skilmálar Fræðslusjóðs kveða á um var óskað eftir upplýsingum frá fræðsluaðilum fyrir 1. október um fjármagn sem ekki nýtist innan ársins. Á sama tíma var auglýst eftir umsóknum vegna endurúthlutunar. Umsóknir vegna endurúthlutana voru að upphæð tæpar 19,6 millj. frá sex fræðsluaðilum. Skil á fjármagni voru rúmar 39 millj. Samþykkt var að veita til allra umsækjenda í samræmi við umsóknir. Eftirstöðvar endurgreiddum úthlutunum og endurúthlutunum rennur í verkefnasjóð.

Lokauppgjör verkefna hjá fræðsluaðilum fer fram í ársbyrjun næsta árs. Allar úthlutanir Fræðslusjóðs eru verkefnabundnar og því skilað fjármagni sem ekki var notað á árinu. Í hverjum kafla skýrslunnar kemur fram hve miklu fjármagni var úthlutað og hvað var endurgreitt vegna ólokinna verkefna.

Ársreikningur fyrir árið 2015 var endurskoðaður af Ernst & Young og var tilbúinn í júní 2016 en vegna ágreinings við fræðsluaðila um uppgjör var ekki hægt að ljúka endurskoðun fyrr eins og þjónustusamningur FA við mennta- og menningarmálaráðuneytið kveður á um. Ársreikningur var í kjölfarið sendur til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Fjársýslu ríkisins og Ríkisendurskoðunar. Ársskýrslan var gerð fyrir lok apríl eins og venja er og dreift til stjórnarmanna og send mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Fjársýslu ríkisins og Ríkisendurskoðun.

¹ Verkefnasjóður myndast þegar áður úthlutaðu fé, sem ekki hefur tekist að nýta, er skilað aftur til Fræðslusjóðs.

Skilmálar

Samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 skal stjórn Fræðslusjóðs setja sér starfs- og úthlutunarreglur og skilmála vegna úthlutana framlaga og styrkja úr sjóðnum sem mennta- og menningarmálaráðherra staðfestir.

Á árinu 2016 var unnið eftir skilmálum sem tóku gildi árið 2014. Unnið er að endurskoðun laga um framhaldsfræðslu á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Vegna endurskoðunar á lögnum var ákveðið að fresta endurskoðun á skilmálum og úthlutunarreglum Fræðslusjóðs sem ákveðið hafði verið að fara í skv. ákvörðun stjórnar 15. desember 2014. Stefnt er að endurskoðun skilmála og úthlutunarreglna á árinu 2017.

Samskipti við fræðsluaðila

Alla jafna berast fjölmörg erindi og fyrirspurnir árlega frá samstarfsaðilum sjóðsins vegna framkvæmdar úrræða sem sjóðurinn niðurgreiðir. Starfsmenn Fræðslumiðstöðvarinnar svara öllum minni háttar erindum þar sem fordæmisgefandi ákvarðanir liggja fyrir en allar fyrirspurnir sem snerta meðferð fjármuna eða hafa í för með sér breytingar á ákvörðunum sjóðsstjórnar eru lagðar fyrir stjórn til afgreiðslu.

Málefni náms- og starfsráðgjafar voru tekin til sérstakrar skoðunar á árinu og samráð haft við fræðsluaðila um einföldun styrkjafyrirkomulags vegna ráðgjafar. Formaður sjóðsins og framkvæmdastjóri FA héldu nokkra fundi með fræðsluaðilum á haustdögum og í framhaldi af fundunum samþykkti stjórn sjóðsins einfaldari reglur um styrki til ráðgjafar. Helstu breytingar voru að greiðslur vegna ferða verða greiddar sérstaklega en upphæð fyrsta viðtals lækkuð sem nam upphæð vegna fasts aksturskostnaðs áður. Ennfremur var flokkum viðtala fækkað úr fimm í tvo. Reglurnar taka gildi frá og með 1. jan. 2017.

Notkun fjármagns á árinu

Heildarframkvæmd einstakra fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á árunum 2013 – 2016 var eftirfarandi:

Framkvæmd árána 2013 - 2015 á verðlagi hvers árs

Samtals fyrir vottaðar námsleiðir, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat

Fræðsluaðilar á fjárlögum	2013	2014	2015	2016
Mímir, símenntun	198.311.702	220.197.673	198.877.269	200.086.196
Símenntunarstöð á Vesturlandi	26.060.749	37.373.051	35.988.140	36.976.000
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	28.986.115	33.873.668	28.822.000	26.118.319
Farskóli Norðurlands vestra	11.030.000	19.493.573	18.916.100	23.542.100
Símenntunarstöð Eyjafjarðar	109.538.100	92.973.000	89.761.100	93.470.500
Þekkingarnet Þingeyinga	16.760.000	15.519.000	14.426.000	14.931.453
Austurbrú	31.249.200	25.819.000	24.500.900	23.119.099
Fræðslunet Suðurlands	39.467.300	47.151.750	45.087.830	56.576.700
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	108.246.825	105.082.775	101.940.965	106.967.653
Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja	20.097.250	14.484.700	16.501.340	17.725.200
Framvegis, miðstöð um símenntun í Reykjavík	29.025.000	31.990.769	34.224.797	42.452.600

Fræðsluaðilar ekki á fjárlögum	2013	2014	2015	2016
IDAN	144.551.300	138.536.585	81.250.400	94.359.600
Starfsmennt	7.102.000	8.900.600	5.369.100	2.640.800
Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins	6.794.300	8.433.200	8.489.000	9.845.100

Vottaðar námsleiðir: Til vottaðra námsleiða voru til úthlutunar tæplega 495,9 millj. af fjárlögum. Rúmlega 494,1 millj. var úthlutað í byrjun ársins. Rúmlega 6,8 millj. var skilað innan ársins og rúmlega 8,7 millj. endurúthlutað að hausti. Alls voru því til framkvæmdar um 496 millj..

Framkvæmd ársins var rúmlega 484,7 millj. Skilað var rúmlega 11,3 millj. í árslok sem fara í verkefnasjóð.

Náms- og starfsráðgjöf: Til náms- og starfsráðgjafar voru til úthlutunar tæplega 127,8 millj. af fjárlögum. Til viðbótar voru teknar rúmlega 3,2 millj. úr verkefnasjóði í byrjun árs. Í byrjun árs var úthlutað 131 millj. Tæplega 7,2 millj. var skilað innan ársins en rúmlega 7,1 var endurúthlutað. Ólokin verkefni frá fyrra ári voru tæpar 15,3 millj. Alls voru því til framkvæmdar á árinu rúmlega 146,2 millj.

Framkvæmd ársins var tæplega 134,2 millj. Skilað var í árslok rúmlega 12 millj. sem fara í verkefnasjóð.

Raunfærnimat: Til raunfærnimats voru til úthlutunar tæplega 127,8 millj. af fjárlögum. Til viðbótar voru teknar tæplega 50,8 millj. úr verkefnasjóði í byrjun árs og tæplega 3,7 millj. við endurúthlutun að hausti. Auk þessa voru eftirstöðvar ólokinna verkefna frá fyrra ári rúmlega 28 millj. Alls voru því til framkvæmdar á árinu rúmlega 210,3 millj. 25 millj. var skilað innan ársins og tæpleg 16,7 millj. var skilað í árslok. Alls var framkvæmt fyrir tæpar 130 millj. og er verkefnum fyrir tæplega 38,7 millj. ólokið og flytjast til ársins 2017.

Nýsköpunar- og þróunarverkefni: Til nýsköpunar- og þróunarverkefna voru til úthlutunar 35 millj. Úthlutað var rúmlega 33,7 millj. Endurgreiðslur við uppgjör verkefna námi rúmlega 0,4 millj.

Verkefnasjóður – staða í árslok 2016

Verkefnasjóður verður til vegna endurgreiðslna fræðsluaðila þegar ekki hefur tekist að nýta úthlutun viðkomandi árs að fullu til þeirra verkefna er úthlutað var til.

Verkefnasjóður 31.12.2016	
Eftirstöðvar vottaðar námsleiðir	44.609.960
Eftirstöðvar námsráðgjöf	6.681.749
Eftirstöðvar raunfærnimat	56.180.283
Eftirstöðvar nýsköpunar- og þróunarverkefna	36.218.455
Vaxtat. - fjárm.t.sk og bankagj.	18.723.832
Skuldbinding vegna IPA - verkefnisins	5.600.000
Staða í lok árs 2016	168.014.279

Vottaðar námsleiðir

Í verkefnasjóði í byrjun árs voru tæpar 31,5 millj. Eftirstöðvar úthlutunar í byrjun árs var rúmlega 1,7 millj. Við endurúthlutun voru teknar tæpar 1,9 mill. til úthlutunar. Í árslok var skilað rúmlega 11,3 millj. 2 millj. af óráðstöfuðum eftirstöðvum í sjóðnum voru fluttar í verkefnasjóð. Staða verkefnasjóðs í árslok var rúmar 44,6millj.

Náms- og starfsráðgjöf

Í verkefnasjóði í byrjun árs voru tæplega 11,1 millj. Teknar voru rúmar 3,2 millj. úr sjóðnum við úthlutun í byrjun árs. Skilað var tæplega 7,2 millj. innan ársins og endurúthlutað rúmlega 7,1 millj. Rúmlega 12 millj. var skilað í lok árs. 2 millj. af óráðstöfuðum eftirstöðvum voru fluttar í verkefnasjóð. Framkvæmt var fyrir tæpar 15,3 sem voru eftirstöðvar frá fyrra ári. Staða sjóðsins er því tæpar 6,7 millj. í árslok.

Raunfærnimat

Í verkefnasjóði í byrjun árs voru rúmar 56,3 millj. Teknar voru tæpar 50,8 millj. úr sjóðnum við úthlutun í byrjun árs. Skilað var 25 millj. innan ársins, en tæpum 3,7 millj. endurúthlutað. Í árslok var skilað rúmlega 16,6 millj. Unnin ólokin verkefni frá fyrr ári voru rúmar 28 millj. Ólokin verkefni sem flytjast

milli ára eru tæplegar 38,7 millj. 2 millj. af óráðstöfuðum eftirstöðvum voru fluttar í verkefnasjóð. Staða sjóðsins í árslok er tæpar 56,2 millj.

Nýsköpunar- og þróunarverkefni

Í verkefnasjóði í byrjun árs voru rúmar 33,8 millj. Endurgreiðslur vegna uppgerðra verkefna voru rúmlega 0,4 millj. 0,7 millj. af óráðstöfuðum eftirstöðvum voru fluttar í verkefnasjóð. Óráðstafað af úthlutun ársins er rúmlega 1,2 millj. Staða sjóðsins í árslok er rúmar 36,2 millj.

Vaxtatekjur

Staða í byrjun árs var rúmar 15,5 millj. Áunnir vextir að frádregnum fjármagnstekjuskatti og bankagjöldum voru tæpar 4,2 millj. Staða í lok árs er rúmlega 18,7 millj.

Upplýsingar um árangur starfsins hjá fræðsluaðilum

Vottaðar námsleiðir

Samstarfsaðilar Fræðslusjóðs vegna vottaðra námsleiða eru þrettán talsins, níu fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni og fjórar á höfuðborgarsvæðinu. Vottað nám er skilgreint sem nám samkvæmt námsleiðum sem hafa verið sérhannaðar fyrir fólk á vinnumarkaði, sem ekki hefur lokið framhaldsskóla og metnar hafa verið til eininga á framhaldsskólastigi. Annars vegar er um að ræða námsleiðir sem hafa verið vottaðar af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og gefnar út af FA og dreift til samstarfsaðila eða metnar af mennta- og menningarmálaráðuneytinu í tilraunaskyni og hins vegar nám sem símenntunarmiðstöð vill halda á grundvelli námsskrár framhaldsskóla sem ætluð er fullorðnu fólki á vinnumarkaði og stjórn Fræðslusjóðs hefur samþykkt að megi fjármagna úr Fræðslusjóði.

Heildarframkvæmd vottaðra námsleiða á árinu 2016 var rúmlega 484,7 millj.

Árangur ársins

Á árinu 2016 voru vottaðar námsleiðir kenndar hjá 11 af samstarfsaðilum Fræðslusjóðs og voru þátttakendur í vottuðum námsleiðum, sem Fræðslusjóður fjármagnar, 2310 talsins á 158 námsleiðum sem kennd voru eftir 55 mismunandi vottuðum námskrám. Um 67% þátttakenda sóttu námið á landsbyggðinni en 33% á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi þátttakenda fækkaði úr um 396 á milli árana 2015 og 2016 og námsleiðum fækkaði um 43.

Fjöldi námsleiða og þátttakenda 2015 og 2016		
	2015	2016
Fjöldi kenndra námsleiða	215	158
Fjöldi þátttakenda	2706	2310

Skipting þátttakenda á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins er ekki í samræmi fjöldatölur markhóps á svæðunum, en hlutfall þátttakenda á höfuðborgarsvæðinu er mun lægra en fjöldatölur gefa tilefni til. Þetta hlutfall hefur lítið breyst undanfarin ár.



Hlutfall milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis						
	2010	2011	2012	2013	2015	2016
Höfuðborgarsvæðið	33%	37%	31%	36%	34%	33%
Landsbyggð	67%	63%	69%	64%	66%	67%

Fjöldi þátttakenda í námstilboðum símenntunarmiðstöðva fækkaði hjá flestum þeirra eða hjá 10 af 13. Tvær símenntunarmiðstöðvar buðu ekki uppá nám eftir vottuðum námskrám á árinu 2016, það er IÐAN fræðslusetur og Starfsmennt.


Földi þátttakenda í námstilboðum	2015	2016
Austurbrú	125	136
Farskólinn	91	95
Framvegis	110	104
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	177	172
Fræðslunet Suðurlands	259	185
IÐAN fræðslusetur	9	0
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	346	259

Mímir-símenntun	772	673
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	160	188
Símeý	427	415
Starfsmennt	22	0
Viska	103	50
Þekkingarnet Þingeyinga	105	33
	2706	2310


Kynjahlutfall þeirra sem sækja vottaðar námsleiðir sem Fræðslusjóður fjármagnar breytist lítið frá ári til árs en konur eru í miklum meirihluta árið 2016 líkt og undanfarin ár.




Árið 2016 voru 70% þátttakenda skráðir í félögum innan ASÍ, sem er heldur hærra hlutfall en í 2015 þegar það var 59%. Þátttakendur sem eru skráðir í félögum innan BSRB voru 10% árið 2016 og 20% þátttakenda úr öðrum félagasamtökum, ófélagsbundinn eða þekkja ekki félagsaðild sína.




Þátttakendur innan ASÍ voru heldur fleiri árið 2016 en undanfarin ár en eins og sjá má á eftirfarandi töflu, einnig eru hlutfallslega fleiri með félagsaðild í BSRB félögum.



Um 86% þeirra sem skrá sig í vottaða námsleið hjá símenntunarmiðstöðvunum ljúka náminu á önninni eins og sjá má á eftirfarandi töflu. Þetta hlutfall var um 88% árið 2016, 86% 2013, 2014 og 2015 og 85% árið 2012.






Heildarfjöldi nemendastunda í vottuðum námsleiðum með fjármagni frá Fræðslusjóði var samtals 394.488 árið 2016 stundir á móti 432.197 stundum árið 2015 og er það fækkun um rúmlega 37 þúsund nemendastundir eða 8%. Nemendastundir eru reiknaðar út frá kenndum kennslustundum í hverri námsleið á önninni sinnum nemendafjöldann í námsleiðinni. Árið 2016 voru flestar nemendastundir kenndar í Menntastoðum eða 121.588 sem er um 8,4% minna en árið áður, næstflestar nemendastundir voru í Skrifstofuskólanum (ásamt Skrifstofunámi) eða 48.750 sem er nánast það sama og árið áður. Fjölgun nemendastunda má meðal annars sjá í námsleiðunum Félagsliðabré þar sem hún er 32% á milli ára 2015 og 2016 og í Stóriðjuskólanum þar sem fjölgun nemendastunda er 20%. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá hvernig nemendastundir skiptust eftir námsleiðum árið 2016.



Samanburður áráanna 2015 og 2016

Eins og sjá má á eftirfarandi töflum fór fjöldi kenndra námsleiða hjá símenntunarmiðstöðvunum úr 215 árið 2015 í 158 árið 2016 (26%) og þátttakendum fækkar úr 2.706 í 2.310 (14%). Nemendastundum fækkaði um rúmlega 37 þúsund á milli áráanna eða um 8%. Fjármagn sem Fræðslusjóður greiddi í vottaðar námsleiðir lækkaði lítillega á milli árána 2015-2016 um 1,8 millj. eða úr 486,6 millj. í 484,7 millj.


Árið 2016 var heildareiningafjöldi kenndra námsleiða 29.941 en var 33.197 árið 2015. Heildarkostnaður á hverja einingu er því hærri árið 2016 eða 16.188 kr. en var 14.657 kr. árið 2015.



Athygli vekur að fjöldi nemenda í bóklegum greinum fjölgar hlutfallslega árið 2016 miðað við árið 2015. Hins vegar er fækkun á nemendastundum í bóklegum greinum 2016 þannig að árið 2016 stundaði hver nemenda nám að meðaltali í 225,3 stundir en 270,8 stundir árið 2015. Nemendum fækkar í starfsnámi árið 2016 miðað við árið 2015 en nemendastundum fækkar ekki jafn mikið. Þannig að árið 2016 stundaði hver nemandi að meðaltali nám í 144 stundir í starfsnámi en í 117,9 stundir árið 2015.

Fækkun eininga milli ára 2015 og 2016 var 3.256. Á sama tímabili eykst kostnaður töluvert það er um 1.531 kr. pr. einingu eða tæplega 10,5%. Að hluta til má skýra þennan mun með hækkun á gjaldskrá sem tók gildi 1. janúar 2016.

Vottað nám greitt af Fræðslusjóði dróst saman eins og áður er sagt og vottað nám fjármagnað af öðrum dróst einnig saman milli ára 2015 og 2016. Vottað nám sem fjármagnað er að öðrum en Fræðslusjóði minnkaði úr 10.016 stundum 2015 í 6.699 stundir 2016 eða um 33%.



Atvinnuleitendur í vottuðum námsleiðum árið 2016

Fjöldi atvinnuleitenda í vottuðum námsleiðum með fjármagni frá Fræðslusjóði árið 2016 voru 80, þar af 57 konur eða 72% og 23 eða 28% karlar. Þetta eru 3% allra nemenda í vottuðum námsleiðum með fjármagni frá Fræðslusjóði, rúmlega helmingi færri einstaklingar en árið 2015 þegar 7% allra þeirra sem sóttu vottaðar námsleiðir voru í atvinnuleit.

Fræðsluaðili	Alls luku námi	Fjöldi atvinnu.	Hlutfall atvinnul.	Atvinnul. Kvk	Atvinnul. Kk
Austurbrú	136	0	0%	0	0
Farskólinn	95	0	0%	0	0
Framvegis	104	22	21%	20	2
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	172	0	0%	0	0
Fræðslunet Suðurlands	185	1	1%	1	0
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	259	0	0%	0	0
Mímir - símenntun	673	0	0%	0	0
Símenntunarmiðstöðin Vesturlandi	188	11	6%	6	5
Símey	415	31	7%	20	11
Viska	50	15	30%	10	5
Þekkinganet Þingeyinga	33	0	0%	0	0
Samtals	2310	80	3%	57	23

Þegar atvinnuleitendur eru skoðaðir með tilliti til námsleiða má sjá að flestir atvinnuleitendur stunduðu nám í Skrifstofuskólanum (22) en næstflestar í Sterkari starfsmanni (14). Hlutfallslega voru flestir atvinnuleitendur í Þjónustuliðanámi (38%) og Að lesa og skrifa á íslensku (24%). Næsta tafla sýnir skiptinguna atvinnuleitenda í vottuðum námsleiðum greiddum af Fræðslusjóði:

Námsleið	Alls luku námi	Fj.atvinnul.	Hlutfall atvinnul.	Atvinnul.kvk	Atvinnul.kk
Að lesa og skrifa á íslensku	33	8	24%	5	3
Grunnmenntaskóli	112	1	1%	1	0
Landnemaskólinn	115	7	6%	4	3
Skref til sjálfshjálpar	67	13	19%	10	3
Skrifstofuskólinn	208	22	11%	20	2
Smiðja	89	11	12%	6	5
Sterkari starfsmaður	67	14	21%	9	5
Sölu- markaðs- og rekstrarnám	109	1	1%	1	0
Þjónustuliðar	8	3	38%	1	2
Aðrar námsleiðir	1502	0	0%	0	0
Samtals	2310	80	3%	57	23

Náms- og starfsráðgjöf

Fjármagn til starfsins

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar innan KVASIS ásamt Starfsmennt, IÐUNNI fræðslusetri og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins fengu úthlutað fjármagn úr Fræðslusjóði til framkvæmdar í náms- og starfsráðgjöf.

Heildarframkvæmd ársins 2016 í náms- og starfsráðgjöf var rúmlega 134,1 millj. Símenntunarmiðstöðvarnar framkvæmdu fyrir rúmlega 90,2 millj. og fræðslumiðstöðvar iðngreina fyrir rúmlega 43,9 millj.

Framlög Fræðslusjóðs til náms- og starfsráðgjafar byggja á tegund og verðlagningu viðtala. Árið 2016 eru veitt framlög til eftirfarandi tegunda af viðtölum:


- **rafrænt viðtal**, þ.e. viðtöl náms- og starfsráðgjafa gegnum síma, tölvupóst eða aðra rafræna eða vefbundna miðla
- **viðbótarviðtöl**, sem eru hugsuð fyrir þá sem koma eða panta sjálfir viðtal á skrifstofu eða bæstast við þegar ferðakostnaður hefur verið greiddur, viðtöl í hópráðgjöf, nema til komi mikill ferðakostnaður, viðtöl við fólk með herra menntunarstig sbr. túlkun stjórnar Fræðslusjóðs á markhópi laganna í skilmálum, ásamt endurkomum.
- **hópráðgjöf**, þar sem greitt er fyrir að hámarki 6 þátttakendur og lýtur að kynningu innan fyrirtækja og annað slíkt.
- **viðtöl með ferðakostnaði, mismunandi eftir vegalengdum**. Í þann flokk falla líka viðtöl í kjölfar kynningarfundar og viðtöl þar sem umtalsverðir erfiðleikar eru að ná til markhóps eða mikill kostnaður.
 - viðtal á skrifstofu eða innan 100 km. fjarlægðar frá skrifstofu
 - viðtal sem er veitt utan skrifstofu í 100-300 km. fjarlægð

- viðtal sem er veitt í fjarlægð yfir 300 km.

Alls fóru fram 9.043 ráðgjafaviðtöl hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum á árinu 2016 sem greidd voru af Fræðslusjóði. Meðalverð fyrir hvert ráðgjafaviðtal var 14.836. Meðalverð ráðgjafaviðtala hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum iðngreina var 14.059 og 15.248 hjá símenntunarmiðstöðvum.

Samanburður á milli ára

Þau 9.043 ráðgjafaviðtöl hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum sem framkvæmd voru á árinu 2016 og greidd voru af Fræðslusjóði eru 724 viðtölum fleiri en árið 2015 eða aukning um 8,7% . Milli árana 2014 og 2015 hafði þeim fækkað um 12%. Ráðgjafaviðtölum fjölgar hjá 7 miðstöðvum en fækkar hjá sjö. Langmesta fjölgun ráðgjafaviðtala er hjá Framvegis miðstöð símenntunar en hún fékk fyrst framlag frá Fræðslusjóði árið 2015.



Fræðsluaðili	2011	2012	2013	2014	2015	2016	Breyting 2015-2016	Breyting % 2015-2016
Austurbrú	484	452	294	274	244	138	-106	-43,4%
Farskólinn	129	91	175	291	294	257	-37	-12,6%
Framvegis					137	273	136	99,3%
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	451	394	331	423	405	403	-2	-0,5%
Fræðslunet Suðurlands	583	622	657	738	443	716	273	61,6%
Fræðslusetrið Starfsmennt	246	285	201	191	234	85	-149	-63,7%
Fræðsluskrifst. rafiðnaðarins	298	509	357	465	471	370	-101	-21,4%
IÐAN fræðslusetur	2254	2305	2990	2311	2187	2757	570	26,1%
Miðstöð sím.á Suðurnesjum	1870	1319	1233	1144	843	846	3	0,4%
Mímir símenntun	2827	2588	2814	1954	1241	1322	81	6,5%
Símenntunarm. Á Vesturlandi	611	368	384	525	528	412	-116	-22,0%
Símey	555	688	867	624	760	929	169	22,2%
Viska	158	150	165	170	220	181	-39	-17,7%
Þekkinganet Þingeyinga	402	446	406	357	312	354	42	13,5%
	10868	10217	10874	9467	8319	9043	724	8,7%


Upplýsingar um ráðþega í náms- og starfsráðgjöf

Heildarfjöldi ráðgjafaviðtala árið 2016 hjá náms- og starfsráðgjöfum símenntunarmiðstöðvanna og fræðslumiðstöðva iðngreina var 9.043 viðtöl, 5916 hjá símenntunarmiðstöðvunum og 3127 viðtöl hjá fræðslumiðstöðvum iðngreina.

Af viðtölum ársins flokkast 55,1% sem hefðbundin viðtöl, 15,2% voru í hópráðgjöf, 20,2% fólust í rafrænni ráðgjöf/símaráðgjöf, 6,3% flokkast undir færnimöppugerð í raunfærnimati og 3,2% voru hvatningarviðtöl.


Kynjaskipting

Nokkur breyting hefur orðið á kynjasamsetningu í ráðgjöfinni gegnum árin. Árið 2007 voru 39% viðtala við karla. Hlutfallslega hefur viðtölum við karla fjölgað jafnt og þétt, nokkuð hratt til ársins 2011 og hægar frá árinu 2012. Á síðustu 5 árum hefur viðtölum við karla fjölgað frá 54% í 58% og viðtölum við konur fækkað úr 46% í 42%.




Aldurssamsetning


Aldurssamsetning ráðþega helst nokkuð svipuð frá ári til árs. Flestir ráðþega eru á aldrinum 26 – 40 ára árið 2016 líkt og undanfarin ár. Lítillega hefur fjölgað í yngsta hópi ráðþega.



Skólastig ráðþega


Á árinu 2016 voru 90% af þeim sem sóttu þjónustu ráðgjafa, að falla undir viðmið í gildandi skilmálum Fræðslusjóðs sem lýtur að því að 80% þjónustu náms- og starfsráðgjafar séu við markhóp framhaldsfræðslulaga. Ráðþegar sem hafa stutta formlega skólagöngu og sækja þjónustu ráðgjafa hefur því farið vaxandi jafnt og þétt undanfarin ár. Á næstu glærum má sjá stöðuna 2016 og síðan þróunina frá árinu 2012.






Niðurstöður viðtala

Skráðar niðurstöður viðtala í náms- og starfráðgjöf voru nokkuð svipaðar milli ára 2015 og 2016. Þó virðist eftirspurn eftir ráðgjöf um óformlegt og formlegt nám hafa minnkað lítillega og einnig aðstoð við starfsleit eða áhugasviðsgreining. Árið 2016 sóttust 8,5% ráðþega eftir aðstoð við starfsleit eða yfirferð ferilskrár en þetta hlutfall var 13% árið 2015 og 19% árið 2014. Hins vegar eykst lítillega ráðgjöf vegna námstækni og vinnubragða og vegna sjálfsstyrkingar eða vegna ýmsa hindrana.




Ráðþegar eftir stöðu á vinnumarkaði

Árið 2008 voru 9% þeirra sem sótti þjónustu ráðgjafa hjá símenntunarmiðstöðvum í atvinnuleit en árið 2009 voru þeir orðnir 47% af heildarfjölda ráðþega. Árið 2010 náði þessi fjöldi hámarki í hópi þeirra sem sóttu þessa þjónustu og voru 59% allra ráðþega. Síðan minnkaði hlutfallið jafnt og þétt og var 19% árið 2016.



Ef borið er saman staða ráðþega á vinnumarkaði og menntunarstaða þeirra kemur í ljós 19,4% þeirra sem eru með háskólamenntun eru í atvinnuleit og 21,1% þeirra sem hafa aðeins grunnskólapróf. Fæstir þeirra sem eru með iðnmenntun eru í atvinnuleit eða 7,8%.



Raunfærnimat

Rúmlega 178,5 millj. var úthlutað til raunfærnimatsverkefna árið 2016, innan ársins var 25 millj. skilað og rúmlega 3,6 millj. var endurúthlutað á árinu. Alls til framkvæmdar árið 2016 voru því rúmlega 157,2 millj. Auk þess voru rúmar 28 millj. fluttar frá árinu 2015 vegna óunna verkefna. Alls eru þetta því rúmlega 185,2 millj.

Við uppgjör í lok ársins kom í ljós að raunfærnimat hafði verið framkvæmt fyrir tæpar 130 millj. á árinu 2016. Rúmlega 16,6 millj. var skilað vegna verkefna sem ekki klárudust á árinu og rúmlega 38,6 millj. voru fluttar til ársins 2017 vegna ókláraðra verkefna.

Af heildarframkvæmd ársins 2016 eru rúmar 65,7 millj. vegna raunfærnimats utan iðngreina og tæpar 60,3 millj. vegna raunfærnimats í iðngreinum og rúmar 1,3 millj. vegna samstarfs. Þá var framkvæmt raunfærnimat án eininga, það er á mótið viðmiðum atvinnulífsins fyrir rúmar 2,6 millj.

